

Sp. 410. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 3. maí 1980.)

I

Inngangur

Í lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála segir, að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrumvarpi. Þá segir þar ennfremur, að með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli lagt fram frumvarp til laga um lántöku- og ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga eða fjárlögum. Í samræmi við þetta er frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 lagt fyrir Alþingi samtímis þessari skýrslu.

Pingrofið í október 1979, alþingiskosningarnar í desember 1979 og hin langvinna stjórnarkreppa sem fylgdi í kjölfarið hafa á ýmsan hátt raskað eðlilegum gangi þingmála. Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi samtímis fjárlagafrumvarpi, en sérstakt fylgiskjal með greinargerð um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir ríkisframkvæmdir á árinu 1980 var lagt fram fyrir þriðju umræðu um fjárlagafrumvarpið. Þessi skýrsla um áætlunina í heild fylgir nú svo fljótt á eftir samþykkt fjárlaga sem kostur hefur verið við þessar aðstæður.

Í lögum um stjórn efnahagsmála eru ákvæði um viðfangsefni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Þar segir, að í áætlunum þessum skuli meðal annars eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, ennfremur um framkvæmdir annarra aðila.
2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.
4. Útlánaáætlunir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.
5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.
6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Þá skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum, fyrir áætlunum um þróun peninga- og lánamála í heild og áætlun um erlendar lántökur í heild. Ennfremur skal setja fram mat á atvinnuástandi og atvinnuhorfum svo og mannaflapörf og umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega. Þessum atriðum öllum verða hér gerð nokkur skil.

Allt frá árinu 1963 hafa verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlunir vegna þeirra ríkisframkvæmda sem fjármagnaðar eru af lánsfé. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 er hin fyrsta sem lögð er fyrir Alþingi eftir setningu lagaákvæða um gerð slíkra áætlana, en hún er í raun fimmta árlega heildaráætlunin um lánastarfsemi og fjárfestingarmál

sem lögð er fram á þingi. Lagasetningin 1979 um gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar var í veigamiklum atriðum staðfesting og formbinding á starfsvenju sem verið hefur í mótun um alllangt skeið; með henni er undirbúningur og þingmeðferð þessara mikilvægu mála settur í skipulegan farveg, fyrst og fremst til þess að Alþingi eigi þess betri kost að fjalla um fjárhagsmálefni hins opinbera og landsins alls á heildstæðan hátt.

Að þessu sinni hafa atvikin ráðið því að undirbúningstími hefur ekki verið svo rúmur sem skyldi og því ekki reynst unnt að fjalla samtímis um fjárlög og lánsfjáráætlun að öllu leyti og eins og æskilegast er. Betra færi mun gefast til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981.

Áætlunin er samin á vegum ríkisstjórnarinnar og hafa Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast undirbúningsvinnu.

II

Markmið og þjóðhagshorfur

Markmið

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, 8. febrúar 1980, er mörkuð megin stefna í fjárfestingarmálum á þann hátt að heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 verði haldið innan þeirra marka sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er. Áhersla skyldi lögð á framkvæmdir á sviði orkumála. Til þess að tryggja næga atvinnu og koma í veg fyrir ofpenslu á vinnumarkaði skal félagsmálaráðuneyti og Þjóðhagsstofnun falið að fylgjast náið með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífs og opinberum framkvæmdum um land allt. Komi í ljós að hætta sé á atvinnuleysi eða ofpenslu í einhverri grein skal ríkisstjórninni gert aðvart, til þess að unnt verði í tæka tíð að gera nauðsynlegar ráðstafanir með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og samkomulagi við aðra aðila.

Verður nú farið nokkrum orðum um markmiðin í fjárfestingarmálum.

Þjóðarframleiðsla, fjárfesting og viðskiptajöfnuður

Þjóðhagsstofnun hefur lagt drög að nýrri þjóðhagsspá fyrir árið 1980 og er þeim horfum lýst nánar hér á eftir. Niðurstaða hinnar nýju þjóðhagsspár er, að þjóðarframleiðslan 1980 verði í heild um 1 230 milljarðar króna. Fjárfestingin í heild verður samkvæmt þessari áætlun 327 milljarðar króna. Hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu er því rúmlega fjórðungur eða um 26½%. Ástæðan til þess að rétt þótti að fara lítið eitt fram úr fjórðungsmarkinu er fyrst og fremst hin brýna nauðsyn sem á því er að efla innlenda orkuframleiðslu og dreifingar kerfi, bæði rafveitna og hitaveitna.

Í þjóðhagsspánni felst að þjóðarframleiðsla aukist um 1½% á árinu 1980 en þjóðartekjur standi hins vegar í stað vegna rýrnandi viðskiptakjara.

Vöruskiptajöfnuður er talinn verða hallalaus og jafnvel með nokkrum afgangi en vegna mikils halla á þjónustujöfnuði er líklegt að um 16 milljarða króna halli verði á viðskiptajöfnuði í heild eða 1—1½% af þjóðarframleiðslu. Á undanförunum áratug hefur þjónustujöfnuðurinn yfirleitt verið hallalaus, þar til í fyrra að halli varð um 16,5 milljarðar króna. Þessi halli stafar fyrst og fremst af þrennu, mikilli hækkun vaxta af erlendum lánnum, halla á samgöngu-reikningi, einkum vegna erfiðleika í flugrekstri, og auknum útgjöldum vegna ferðalaga erlendis. Á árinu 1980 eru allar horfur á að halli á þjónustujöfnuði verði ekki minni að raunverulegu verðgildi en á liðnu ári. Þessar horfur gera það að verkum að ekki er fært að auka framkvæmdir frekar en hér er ráðgert. Fari svo að viðskiptahalli ágerist kynni síðar á árinu að

reynast nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum. Ríkisstjórnin mun vinna að því með öllum tiltækum ráðum að viðskiptahallinn fari minnkandi á næstu misserum.

Erlendar lántökur

Niðurstaða lánsfjáráætlunar er að erlendar skuldir þjóðarinnar muni aukast um 39 milljarða króna á árinu 1980. Erlendar lántökur verða í heild 85,5 milljarðar króna en endurgreiðslur eldri lána alls um 46 milljarðar króna. Samkvæmt áætlun Seðlabankans verður greiðslubyrði af erlendum skuldum á þessu ári væntanlega rúm 16% af útflutningstekjum. Greiðslubyrðin í þessum skilningi ræðst bæði af almennum lánskjörum og hæð vaxta á alþjóðalánamarkaði og útflutningstekjum. Vextir eru afar háir á lánamarkaði um þessar mundir og ætti að vera nokkur von til þess að þeir fari lækkandi á næstu árum. Útflutningshorfur á komandi árum virðast fremur vænlegar ef vel tekst til um hagnýtingu fiskstofna og eflingu orkuframleiðslu. Ástæða er því til að ætla að greiðslubyrði fari ekki hækkandi úr hófi fram á næstu árum, ef rétt er á haldið. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að greiðslubyrði á mælikvarða útflutningstekna er ekki alls kostar heppileg viðmiðun, þegar um er að ræða erlendar skuldir sem stofnað er til vegna framkvæmda er spara innflutning á eldsneyti. En um þessar mundir er einmitt miklu fé varið til slíkra framkvæmda eins og nánar er lýst hér á eftir.

Áhersla á orkuframkvæmdir

Áætlunin felur í sér verulega aukningu framkvæmda í orkumálum frá fyrra ári eða um rúmlega þriðjung. Framkvæmdir við rafvirkjanir og veitur aukast um 46% og ber þar hæst Hrauneyjafossvirkjun. Framkvæmdir við hitaveitur aukast um 17%. Í heild verður hlutfall orkuframkvæmda af þjóðarframleiðslu tæplega 6%, og er það með því allra mesta á síðustu áratugum. Á næstu árum skila þessar framkvæmdir sér í auknum útflutningstekjum og innflutningssparnaði.

Atvinnuástand

Skráð atvinnuleysi á fyrsta fjórðungi 1980 er um 0,4% af mannafla eða færri en 450 menn að meðaltali. Þetta eru lægstu atvinnuleysistölur í byrjun árs frá því heildarskráning hófst 1969.

Þjóðhagsstofnun hefur nýlega gert könnun á atvinnuástandi og horfum í byggingariðnaði. Niðurstöður hennar virðast í aðalatriðum þær, að í ársbyrjun 1980 muni atvinnuástand í byggingarstarfsemi hafa verið svipað og undanfarin ár en horfur taldar nokkuð óvissar, ekki síst vegna þess að ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða lágu ekki fyrir.

Áætlunin, sem hér er fram lögð, felur í sér aukningu á umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 4—5% frá árinu 1979 en á því ári dróst þessi starfsemi líklega saman um 2—3%. Að þessu athuguðu og með samanborði við fyrri ár má telja að atvinnuástand verði gott á árinu 1980 í þessari grein og yfirleitt í landinu. Þetta er þó vitaskuld háð því að atvinnuvegirnir gangi snurðulaust.

Þjóðhagshorfur

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 1980 var botnfiskafllinn rúmlega 40 þús. tonnnum eða 23% meiri en á sama tíma í fyrra og var aukningin öll í þorskaflla. Með tilliti til hins mikla afla á fyrsta fjórðungi ársins er útlit fyrir að þorskafllinn í ár verði meiri en á síðasta ári og verði um 380—400 þús. tonn, samanborið við tæplega 360 þús. tonn í fyrra. Þetta ræðst þó af þeim sóknartakmörkunum sem ákveðnar verða fyrir síðari hluta ársins. Loðnuafllinn á vetrarvertíð varð fjórðungi minni en í fyrra og mun minna var fryst af loðnu og loðnuhognum. Gera má

ráð fyrir að annar afli verði svipaður í ár og í fyrra. Miðað við þessar forsendur gæti framleiðsla sjávarafurða á þessu ári orðið um 2% meiri en í fyrra.

Stækkun álverksmiðjunnar lýkur á þessu ári og við það eykst afkastageta hennar um 13%. Framkvæmdum við síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar lýkur einnig seint á árinu og eykst afkastagetan þá úr 25 þús. tonnum í 50 þús. tonn. Ef næg raforka fengist fyrir verksmiðjurnar yrði framleiðsla álverksmiðjunnar líklega um 7% meiri í ár en í fyrra og framleiðsla járnblendiverksmiðjunnar nær tvöfalt meiri. Að undanfögnu hefur hins vegar reynst óhjákvæmilegt að draga úr orkusölu til þessara fyrirtækja vegna vatnsskorts og útlit er fyrir að í haust verði aftur nauðsynlegt að skammta rafmagn til þessara fyrirtækja og reyndar til fleiri stórra rafmagnsnotenda. Af þessum sökum eru horfur á að framleiðsla áls og járnblendis verði minni í ár en afkastageta verksmiðjanna leyfir. Önnur iðnaðarframleiðsla til útflutnings gæti aukist nokkuð á árinu. Að öllu samanlögðu virðist mega gera ráð fyrir a. m. k. 4% aukningu útflutningsframleiðslunnar í heild á árinu. Þetta er talsvert minni framleiðsluaukning en á síðasta ári en þá nam hún 13% enda jókst framleiðsla sjávarafurða þá um 14%.

Útflutningsverðlag hækkaði á síðasta ári um 8% í erlendri mynt miðað við árið á undan en undir lok ársins dró úr hækkuninni. Verðlag alls vöruinnflutnings hækkaði um 19% þannig að viðskiptakjörin rýrnuðu um 9% en um nær 12% að viðskiptum álverksmiðjunnar undanskildum. Viðskiptakjörin fóru versnandi eftir því sem á árið leið og á síðasta ársfjórðungi voru þau 7% lakari en ársmeðaltalið 1979 og 17% lakari en ársmeðaltalið 1978. Meginástæða þess að viðskiptakjörin versnuðu á sl. ári var hin gífurlega hækkun olíuverðs. Gengislækkun Bandaríkjadollars átti og nokkurn þátt í rýrnun viðskiptakjaranna í fyrra, en síðustu vikurnar hefur gengi dollars styrkst á ný og hefur það hagstæð áhrif á viðskiptakjörin í ár ef ekki verður breyting á síðar á árinu. Olíuverð á Rotterdammarkaði hefur lækkað talsvert undanfarna mánuði en var þó enn fyrri hluta aprílmánaðar 10—20% hærra en meðalinnflutningsverð ársins í fyrra eins og það kemur fram í verslunarskýrslum. Sé gert ráð fyrir að innflutningsverð á olíu verði á síðari hluta ársins líkt og verð á Rotterdammarkaði um miðjan apríl lætur nærri að innflutningsverð olíu á þessu ári verði að meðaltali um 25% hærra í erlendri mynt en í fyrra. Í þessum efnum er þó engin spá trygg. Annað innflutningsverð er talið munu hækka heldur meira en í fyrra, eða um 10% í erlendri mynt. Útflutningsverðlag hækkar aftur á móti að líkindum líkt og á liðnu ári, eða um 8% í erlendri mynt. Á þessum forsendum verða viðskiptakjörin í ár um 5% lakari en á síðasta ári en þó heldur betri en þau voru á síðasta fjórðungi ársins 1979. Þessi spá um viðskiptakjör er óviss og reist á nokkurri bjartsýni.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun fyrir árið 1980, sem nánar er gerð grein fyrir í sérstökum kafla hér á eftir, verður fjármunamyndunin 6,8% meiri að raungildi í ár en í fyrra. Þetta jafngildir tæplega 2% aukningu þjóðarútgjalda í heild. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir 1—2% samdrætti í einkaneysluútgjöldum á árinu 1980. Samkvæmt fjárlögum fela ríkisútgjöld í sér nokkra aukningu samneyslu í ár en fátt er enn vitað um útgjaldafyrirætlanir sveitarfélaga. Að svo stöddu verður gert ráð fyrir 2% aukningu samneyslunnar í heild á árinu.

Niðurstaðan af ofangreindum spám um fjárfestingu og neyslu er sú, að þjóðarútgjöld aukist um 1% eða svipað og á síðastliðnu ári.

Á árinu 1979 var vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd jákvæður um 9,4 milljarða króna. Miðað við forsendur þjóðhagsspárinnar um útflutningsframleiðslu og þjóðarútgjöld, sem að mestu ráða innflutningi, má búast við að vöruskiptajöfnuðurinn verði jákvæður um 15 milljarða króna á verðlagi ársins 1979 en aðeins um 7 milljarða króna á verðlagi ársins 1980 vegna meiri verðhækkunar innflutnings en útflutnings. Þjónustujöfnuðurinn var í fyrra neikvæður um 16,5 milljarða króna og vegna mikillar hækkunar á vaxtagreiðslum eru ekki horfur á að hann batni í ár. Þannig er útlit fyrir um 16 milljarða króna halla á viðskiptajöfnuði á verðlagi ársins eða 1,3% af þjóðarframleiðslu samanborið við 0,9% halla í fyrra.

Niðurstaða þjóðhagsspár verður sú, að þjóðarframleiðsla vaxi um 1 1/2% í ár eða um 1/2%

á mann en vegna versnandi viðskiptakjara muni þjóðartekjur í heild standa í stað og reyndar minnka um 1% á mann. Verði sjávarafli meiri en hér er reiknað með og komi ekki til frekari rafmagnsskömmunar til stóriðju í haust gæti þjóðarframleiðsluaukningin orðið nær 2%. Meiri takmarkanir á afla og minni framleiðsla stóriðjufyrirtækjanna en hér er gert ráð fyrir gæti aftur á móti falið í sér að þjóðarframleiðsluaukningin yrði nær 1%.

Þjóðhagsspá 1980

Bráðabirgðatölur 1979 á verðlagi þess árs — spá fyrir árið 1980 á fjárlagaverðlagi

	Milljarðar króna		Magnbreytingar frá fyrra ári	
	Bráðab. 1979	Spá 1980	1979 ²⁾	1980 ³⁾
Einkaneysla	531,6	769,9	2,0	-1,5
Samneysla	100,6	147,8	2,0	2,0
Fjármunamyndun	212,9	327,3	-1,6	6,8
Birgða- og bústofnbreytingar	3,1	3,0	.	.
Þjóðarútgjöld	848,3	1 248,0	1,1	1,0
Útflutningur vöru og þjónustu	385,6	561,0	5,5	5,3
Innflutningur vöru og þjónustu	392,8	577,0	3,1	3,7
Viðskiptajöfnuður	-7,2	-16,0	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	841,0	1 232,0	2,3	1,5
Viðskiptakjaraáhrif ¹⁾	-4,0	-1,5
Vergar þjóðartekjur	-1,7	0,0

1) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

2) Á verðlagi ársins 1969.

3) Á verðlagi ársins 1979.

Forsendur fjárlaga um kauplags- og verðlagsbreytingar voru þær að kauptaxtar hækkuðu um 42% að meðaltali milli árána 1979 og 1980, vísitala byggingarkostnaðar um 45% og neysluverðlag um 47%. Þessar forsendur voru reistar á áætlun fyrir fyrri hluta ársins og markmiðum niðurtalningarstefnu ríkisstjórnarinnar um hækkanir á síðari hluta ársins. Þetta fól í sér að hækkinin frá upphafi til loka árs 1980 yrði rúmlega 30%. Hins vegar er nú sýnt að verðlag hækkar meira á fyrri hluta ársins en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. Nú er áætlað að hækkin framfærsluvísitölu frá febrúar til maí verði vart undir 12—13% og að óbreyttu verðbótakerfi gætu laun hækkað um 11—11½% 1. júní en í fjárlagaforsendu var gert ráð fyrir 8% hækkin. Markmið ríkisstjórnarinnar er að halda verðbreytingum innan við 7% frá maí til ágúst og 5% frá ágúst til nóvember. Takist þetta verður verðhækkin frá upphafi til loka árs innan við 40%, en meðalhækkin verðlags milli ára 1979 og 1980 væntanlega nálægt 50% vegna mikillar verðhækkunar á síðari hluta árs í fyrra.

Hinar miklu verðhækkunarir að undanfögnu gera það að verkum að nú er ákaflega brýnt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hamla gegn verðbólgu á síðari hluta ársins. Í þessu sambandi er ákaflega mikilvægt að fjárhæðir fjárveitinga og lánveitinga til framkvæmda verði ekki rýmkaðar vegna þessara verðlagshækkana og þess vegna er fjárfestingar- og lánsfjár-áætlun þessi í aðalatriðum miðuð við verðlagsforsendur fjárlaga óbreyttar. Ástæðan er einnig sú, að svo mikil tengsl eru milli fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar að óhjákvæmilegt er að hvort tveggja sé á sama verðlagi. Þetta tryggir rétta samsvörun milli fjárlaga og lánsfjáráætlunar og auðveldar heildaryfirsýn yfir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í opinber-

um fjármálum og lánsfjármálum. Á hinn bóginn eru verðlagsforsendurnar ein af meginviðmiðunum í peningamálum, sem ráðið er til lykta innan ársins, og nauðsynlegt að við ákvörðun þeirra sé tekið nokkurt tillit til breyttra verðlagshorfa. Er sérstaklega um þetta fjallað í kaflanum um peningamál hér á eftir.

Þjóðhagsspáin, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er tengd og grein er gerð fyrir hér, er einnig reist á sömu verðlagsforsendum og fjárlögin og eru því fjárhæðir á verðlagi ársins ef til vill nokkuð vanmetnar. Þetta ætti þó ekki að hafa veruleg áhrif á raunstærðirnar í þessu mati á þjóðhagshorfum fyrir árið 1980.

III

Opinberar framkvæmdir

Heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera námu á árinu 1979 um 72 000 m. kr. Áætlaðar framkvæmdir 1980 nema 126 587 m. kr. en það felur í sér um 21,3% magnaukningu frá fyrra ári, og er þá miðað við 45% meðalhækkun framkvæmdakostnaðar milli árana 1979 og 1980. Nánari sundurliðun er sýnd í töflu 1—5 í töfluviðauka.

Auk fjármögnunar á opinberum framkvæmdum er þörf fjármagns til skuldagreiðslna og annarra viðfangsefna. Í töflum hér að neðan er sýnd heildarfjárbörf og fjáröflun. Í töflum 1—5 er að finna frekari sundurliðun framkvæmda og fjármögnunar.

	Áætlaðar framkvæmdir	Skulda-greiðslur	Önnur láns-fjárbörf	Samtals
Fjárbörf (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	49 715	5 190	—	54 905
2. Hita- og vatnsveitur	22 775	—	—	22 775
3. Samgöngumannvirki	33 507	134	—	33 641
4. Byggingar hins opinbera	20 590	—	—	20 590
5. Annað	—	—	5 695	5 695
Samtals	126 587	5 324	5 695	137 606

	Fjárveiting á fjárlögum	Fjáröflun sveitarfélaga og fyrirtækja	Lánsfjár-áætlun 1980	Samtals
Fjáröflun (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	—	5 883	49 022	54 905
2. Hita- og vatnsveitur	105	14 895	7 775	22 775
3. Samgöngumannvirki	8 920	13 680	11 041	33 641
4. Byggingar hins opinbera	12 483	7 807	300	20 590
5. Annað	—	—	5 695	5 695
Samtals	21 508	42 265	73 833	137 606

Fjáröflun

Samkvæmt yfirlitinu hér að framan þarf að afla lánsfjár að upphæð 73 833 m. kr. vegna opinberra framkvæmda. Fjárhæðin er sundurliðuð á einstök verkefni í töflu 6 í viðauka og einnig hér að aftan. Þar kemur fram að til ríkisframkvæmda eru lántökuáform að fjárhæð 35 385 m. kr., þar af til A-hluta 12 058 m. kr. og til B-hluta 23 327 m. kr., og er lánsfjáröflun til Byggðasjóðs þá meðtalin. Þá er gert ráð fyrir lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs að fjárhæð 30 448 m. kr. og bæjar- og sveitarfélaga að upphæð 8 000 m. kr.

Í fjárlögum fyrir 1980 var gert ráð fyrir ráðstöfun lánsfjár til A-hluta að upphæð 11 658 m. kr. en sú fjárhæð hækkar um 400 m. kr. vegna vegalagningar á Norðausturlandi (hafisveg- ar), en ákvörðun um þá vegalagningu var tekin í kjölfar harðinda sem þar urðu á sl. vori. Þá var í fjárlögum gert ráð fyrir ráðstöfun lánsfjár til B-hluta að fjárhæð 25 339 m. kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en fyrirhugaðar lántökur samkvæmt framansögðu, enda er dregið úr greiðslum til ýmissa framkvæmda á árinu 1980 eins og yfirlitið hér að neðan ber með sér.

Af 35 385 m. kr. fjárbörf til ríkisframkvæmda er áætlað að 23 638 m. kr. verði aflað innanlands auk 400 m. kr. lánsfjár sem Framkvæmdasjóður hefur milligöngu um útvegum á, en fénu mun ráðstafað til vegagerðar á Norðausturlandi. Erlendar lántökur nema alls 11 347 m. kr. Fjáröflunin innanlands er ráðgerð með fernu móti. Innheimta af endurlánuðu spari- skírteinafé er áætluð 9 638 m. kr. en endurgreiðsla eldri spariskírteina 2 900 m. kr. þannig að þar er um að ræða 6 738 m. kr. nettóinnstreymi. Útgáfa spariskírteina er áætluð 7 000 m. kr. Verðbréfa kaup innlánsstofnana er áætluð 3 900 m. kr. og gert er ráð fyrir að fé frá lífeyris- sjóðum til fjármögnunar á ríkisframkvæmdum nemi 6 000 m. kr.

Ríkisstjórnin leitar heimildar til lántöku erlendis að fjárhæð 11 347 m. kr. með sérstöku frumvarpi til lánsfjárlaga sem lagt er fyrir Alþingi með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Í 6. gr. fjárlaga var veitt heimild til 2 800 m. kr. verðbréfaútgáfu en með 3. gr. laga nr. 6/1980 er heimilud útgáfa ríkisskuldabréfa eða spariskírteina að fjárhæð allt að 5 600 m. kr. Samkvæmt frumvarpinu er því leitað heimildar til lántöku að upphæð 8 900 m. kr.

Auk þeirrar opinberu fjáröflunar sem þegar er getið mun aflað heimildar til erlendar lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Alls nemur þessi fjáröflun 30 448 m. kr. en þar af renna 28 691 m. kr. til Landsvirkjunar. Að síðustu er þess að geta að áformað er að leita heimildar til erlendar lántöku fyrir bæjar- og sveitarfélög alls að fjárhæð 8 000 m. kr. Þar af renna 6 400 m. kr. til hitaveituframkvæmda og 1 100 m. kr. til raforkuöflunar í Svartsengi og 500 m. kr. til ýmissa verkefna.

Ráðstöfun lánsfjár

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita ekki heimildar til erlendar lántöku á árinu 1980 í jafnríkum mæli og samþykkt framkvæmdaáform ýmissa B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs miðast við. Í þessu felst nokkur frestun framkvæmda. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd lánsfjáröflun til stofnana og fyrirtækja ríkisins miðað við fjárfestingaráætlanir, auk þess sem sýnd er áætluð afgreiðsla fjármagns til hlutadeigandi aðila. Í mörgum tilvikum er það falið fagráðuneytum og fyrirtækjum að gera tillögur um hagkvæmasta ráðstöfun þess lánsfjár sem til afgreiðslu er á árinu 1980. Að neðan er sýnt yfirlit um einstaka liði og greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga 1980 í m. kr.

	Lánsfjáráætlun 1980	
	Áætlun	Afgreitt 1980
1. A-hluti fjárlaga		
Þjóðarbókhlaða	300	300
Vegagerð	8 300	8 300
Hafisvegur	400	400
Landshafnir	125	125
Hafnargerð við Grundartanga	100	100
Landsvirkjun, eiginfjárframlag	263	263
Járnblendifélag, hlutafjárframlag	195	195
RARIK vegna félagslegra framkvæmda	600	600
Próunaraðstoð, Cabo Verde	230	230
Laxastigi í Laxá	45	45
Krafla, fjármagnsútgjöld	1 500	1 500
Samtals	12 058	12 058

Lánsfjáráætlun 1980

	Áætlun	Afgreitt 1980
2. B-hluti fjárlaga		
Bygðasjóður	1 500	1 500
Bjargráðasjóður	1 500	1 500
Lánasjóður isl. námsmanna	1 200	1 200
Ríkisútvarp	300	270
Flugmálastjórn	400	360
Skipaútgerð ríkisins	200	180
RARIK, almennar framkvæmdir	4 726	4 253
Bygðalinur	5 579	5 021
Kröfluvirkjun	1 750	1 575
Jarðvarmaveitur ríkisins	500	500
Virkjunarrannsóknir	500	450
Orkusjóður:		
vegna styrkingar dreifikerfa	1 086	978
vegna sveitarafvæðingar	415	373
vegna einkarafstöðva	40	36
vegna byggðalína	3 090	3 090
vegna hitaveitulána	500	450
vegna jarðhitaleitar	150	135
Áburðarverksmiðja	650	600
Póstur og sími:		
vegna jarðstöðvar	400	400
vegna vörukaupalána	469	422
Endurlán vegna Grundartangahafnar	34	34
Samtals	24 989	23 327
Samtals A- og B-hluti	37 047	35 385
3. Fyrirtæki með eignaræild ríkissjóðs		
Landsvirkjun	28 691	28 691
Orkubú Vestfjarða vegna raforkuframkvæmda	1 092	1 092
Orkubú Vestfjarða vegna fjarvarmaveitna	425	425
Pörungavinnsla	240	240
Samtals	30 448	30 448
4. Bæjar og sveitarfélög		
Hitaveitur	6 400	6 400
Hitaveita Suðurnesja vegna raforkuframkvæmda	1 100	1 100
Önnur lánsfjárflyun	500	500
Samtals	8 000	8 000
Alls (1+2+3+4)	75 495	73 833

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 300 m. kr. lántöku til áframhaldandi byggingarframkvæmda við Þjóðarbókhlaðu og er það 100 m. kr. hærri fjárhæð en var í lánsfjáráætlun 1979. Fjárveiting 1979, sem var ekki að fullu nýtt á því ári, ásamt fyrrgreindri fjárhæð eiga að tryggja eðlilegan framkvæmdahraða á árinu 1980.

Vegagerð. Heildarútgjöld til vegamála nema alls 23 975 m. kr. Útgjöldin eru fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að upphæð 14 675 m. kr. samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir 1980. Að auki er áætluð lántaka að upphæð 8 300 m. kr. og að framlag úr ríkissjóði nemi

1 000 m. kr. Auk þessa mun verða tekið lán hjá Framkvæmdasjóði, 400 m. kr. til vegagerðar á N-Austurlandi, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar þar að lútandi.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 125 m. kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 100 m. kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík—Njarðvík til að bæta viðleguáðstöðu og 25 m. kr. til hafnargerðar á Rífi á Snæfellsnesi.

Hafnargerð við Grundartanga. Framkvæmdum við Grundartangahöfn er nú að mestu lokið. Lokafrágangur við höfnina á árinu 1979 fór að nokkru fram úr kostnaðaráætlun og er áformað að afla lánsfjár alls 134 m. kr. til lúkningar framkvæmda og uppgjörs skulda. Kostnaður við hafnargerðina skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 100 m. kr. og hlutur sveitarfélaga 34 m. kr., sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 263 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi 2. framlag af 5 til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins.

Járblendifélagið, hlutafjárframlag. Á árinu 1979 var ákveðið að fresta greiðslu á samningsbundnu hlutafjárframlagi ríkissjóðs vegna 1979 til ársins 1980. Er nú ráðgert að afla 195 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi lokaframlag hlutafjárins.

RARIK, vegna félagslegra framkvæmda. Í A-hluta fjárlaga er gert ráð fyrir 1 000 m. kr. framlagi til RARIK vegna félagslegra framkvæmda. Áformað er að 600 m. kr. þessarar fjárhæðar verði fjármagnað með lántökum.

Þróunaraðstoð við Cabo Verde. Snemma á árinu 1980 var ákveðið að einn liður í aðstoð Íslands við eyrikið Cabo Verde væri kaup á hentugu fiskiskipi og leiðbeiningarstarf í fiskveiðum. Útgjöld vegna þessa eru alls áætluð 280 m. kr. á árinu 1980. Áformað er að ríkissjóður yfirtaki lán að upphæð 230 m. kr. vegna kaupa á skipi.

Laxastigi í Laxá. Lántaka að fjárhæð 45 m. kr. er til að ljúka framkvæmd við laxastigann en á lánsfjáráætlun 1979 nam hliðstæð fjáröflun 60 m. kr.

Krafla. Fjármagnsútgjöld, þ. e. afborganir og vextir vegna Kröfluvirkjunar, eru áætluð 3 900 m. kr. á árinu 1980. Gert er ráð fyrir að 1 500 m. kr. af þeirri fjárhæð verði lánsfjármagnaðar.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Ráðgerð lánsfjáröflun til Byggðasjóðs er alls 1 500 m. kr., fjárveiting til sjóðsins nemur 2 635 m. kr. og eigið fé sjóðsins 783 m. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 4 918 m. kr.

Bjargráðasjóður. Ríkisstjórnin ákvað að Bjargráðasjóður aðstoðaði bændur og aðra sem urðu fyrir búsigjum vegna vorharðinda á N-Austurlandi. Til þess að gera þetta kleift er áformað að afla sjóðnum lántökuheimildir að fjárhæð 1 500 m. kr., en fjárins verður aflað hjá innlendum lánastofnunum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Á árinu 1979 var LÍN veitt heimild til 1 100 m. kr. lántöku til þess að inna af hendi greiðsluskuldbindingar. Fyrirhugað er að afla 1 200 m. kr. lánsfjár á árinu 1980 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að

85% umframfjárþarfar lántakenda. Ef ekki reynist unnt að standa við fyrrgreind skilyrði um lánveitingar er sá varnagli í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins að heimiluð er lántaka vegna sjóðsins að upphæð 500 m. kr., auk þeirra 1 200 m. kr. sem fyrr er getið. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni og geri sjóðnum kleift að standa að auknum lántökum. Brýnt er að fjárhagsstaða sjóðsins verði metin, meðal annars m. t. t. sky samlegra lántökuáforma og endurgreiðslugetu.

Ríkisútvarpið. Í lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ríkisábyrgðir o. fl. var veitt heimild til innlendrar eða erlendrar lántöku að fjárhæð 300 m. kr. til að greiða framkvæmda-
kostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Í fjárlögum fyrir 1980 var ráðgerð lánsfjáröflun
að fjárhæð 300 m. kr. til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu dreifikerfisins. Miðað
er við að 270 m. kr. af lánsfé komi til útgreiðslu 1980.

Skipaútgærd ríkisins. Í fjárlögum 1980 er fyrirhuguð lántaka að upphæð 200 m. kr. vegna
smíði á vöruskemmu í Reykjavík. Útgreiðsla lánsfjárins nemur eigi hærrí fjárhæð en 180 m.
kr.

Flugmálastjórn. Gert ráð fyrir í fjárlögum að til framkvæmda í flugmálum renni 1 450 m.
kr. Áætlað er að tekjur af flugvallagjaldi nemi 1 050 m. kr. á árinu 1980. Ennfremur var gert
ráð fyrir 200 m. kr. lántöku vegna vörukaupa og lántöku að upphæð 200 m. kr. sem yrði varið
til malbikunar flugbrauta. Á árinu koma þá einungis 380 m. kr. af lánsfjáröfluninni komi til
útgreiðslu.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK eru sem
hér segir:

Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar	2 579 m. kr.
Innanbæjarkerfi	1 830 m. kr.
Dísilvélar, vélar og tæki og aðstöðusköpun	517 m. kr.

Samtals 4 926 m. kr.

Fjármögnun þessara framkvæmda er tvíþætt. Annars vegar eru tekjur af heimtaugar-
gjöldum 200 m. kr. og hins vegar lántaka. Afgreiðsla lánsfjár á árinu 1980 nemur eigi hærrí
fjárhæð en 4 253 m. kr.

Byggðalínur. Ráðgerð var 5 579 m. kr. lántaka í fjárlögum vegna byggðalína en til
afgreiðslu á árinu koma 5 021 m. kr. Meginverkefni ársins 1980 er lokaáfangi við byggingu
Vesturlínu. Áformað er að orkuveitusvæði Mjólkárveitunar tengist aðalorkuveitusvæði
landsmanna haustið 1980. Önnur byggðalínuverkefni eru frágangur á Norðurlínu og búnaður
vegna tengingar Austurlínu á Akureyri, auk þess sem hafinn verður undirbúningur að lagn-
ingu Suðausturlínu til Hornafjarðar.

Kröfluvirkjun. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar var áætlað 1 750 m. kr. í fjárlögum en til
afgreiðslu koma 1 575 m. kr. Verður fénu varið til gæslu virkjunarinnar, auk borunar tveggja
holu í suðurhlíðum Kröflu og nauðsynlegra tenginga. Áætlanir um orkuöflun og virkjunar-
framkvæmdir eru nú til ítarlegrar endurskoðunar.

Jarðboranir ríkisins. Áformað er að afla 500 m. kr. lánsfjár til borunar einnar holu í
Bjarnarflagi og nauðsynlegra tenginga.

Virkjunarrannsóknir. Á vegum Orkustofnunar standa nú yfir umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarkostum landsmanna. Til þessa hafa rannsóknir á vegum Orkustofnunar verið fjármagnaðar með fjárveitingu í fjárlögum. Nú er áformað að sveigja fjármögnun þessa þáttar í þá veru að framvegis verði litið á fjármögnun rannsókna helstu virkjunarkosta sem afturkræft fé. Áætluð var í fjárlögum 500 m. kr. lántaka í þessu skyni til ráðstöfunar að meginhluta til á Austurlandi í samráði við iðnaðar- og fjármálaráðherra og Orkustofnun. Tilhögun endurgreiðslu af hálfu orkuframleiðslufyrirtækja og/eða ríkissjóðs verður ákveðin síðar. Til afgreiðslu á árinu 1980 koma þó einungis 450 m. kr.

Orkusjóður, vegna dreifikerfa í sveitum. Til styrkingar dreifikerfa í sveitum var áformað að verja alls 1 086 m. kr. samkvæmt fjárlögum og verða framkvæmdir á vegum RARIK. Verkefni þetta er fjármagnað með lánsfé en 978 m. kr. af lánsfjáröfluninni koma til afgreiðslu 1980.

Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar. Áætluð var 415 m. kr. lántaka í fjárlögum vegna sveitarafvæðingar, þar af verða afgreiddar 373 m. kr. á árinu. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifikerfi mun sem næst lokið. Verkefni, sem leyst verða með lánsfjáröflun ársins 1980, eru annars vegar viðbætur við eldri veitur, þ. e. tenging nýrra notenda á svæðum sem þegar eru rafvædd, og hins vegar tenging býla sem eru í sem svarar 4 km fjarlægð frá samveitu.

Orkusjóður, vegna einkarafstöðva í sveitum. Raunhæf lausn raforkumála býla sem eru afskekkt er í mörgum tilfellum bygging smárra vatnsaflstöðva eða uppsetning dísilstöðva. Orkuráð ákveður lánveitingar til einkarafstöðva og var áformuð lánsfjáröflun í fjárlögum til þessa verkefnis 40 m. kr., en 36 m. kr. koma til greiðslu 1980.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Í lánsfjáraætlun fyrir árið 1980 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda af byggðalínunum. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð 3 090 m. kr.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna eru fjármagnaðar með ýmsum hætti eins og skýrt er í töflu 2 í viðauka. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Í því skyni var Orkusjóði ætlað lánsfjármagn í fjárlögum til endurlána alls 500 m. kr., en afgreiðsla þess fjármagns er bundin við 450 m. kr. 1980.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemur alls 600 m. kr. Áformað var að auka lánagetu sjóðsins með því að afla 150 m. kr. lánsfjár samkvæmt fjárlögum þannig að 750 m. kr. yrðu til ráðstöfunar til þessa verkefnis. Afgreiðsla lánsfjárins verður þó hæst 135 m. kr. 1980.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Áformað var á fjárlögum að afla 500 m. kr. erlends lánsfjár til hafnarframkvæmda við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, en 450 m. kr. komi til afgreiðslu 1980. Auk þess verður aflað 150 m. kr. til hönnunar og byrjunarframkvæmda við sýruverksmiðju.

Póstur og sími, vegna jarðstöðvar o. fl. Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 400 m. kr. lánsfjár vegna hluta póst- og símamálastofnunarinnar í heildarframkvæmdinni, en henni mun ljúka á árinu 1980.

Póstur og sími, vegna vörukaupalána. Á sama hátt og gert var í lánsfjáraætlun fyrir 1979 er áætlað fyrir vörukaupalánum Póst og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú er ákveðið að afgreiðsla lánsfjárins sé bundin hæst við 422 m. kr.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun A-hluta fjárlaga lýkur framkvæmdum við Grundartangahöfn á þessu ári. Ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hluta sveitarfélaga við þessa hafnargerð og eru eftirstöðvarnar 34 m. kr.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

Landsvirkjun. Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls fyrir 31 067 m. kr. á árinu 1980. Verkhraði sá sem fyrirhugaður er á árinu 1980 er talin nauðsynlegur eigi virkjunin að geta hafið framleiðslu haustið 1981. Framkvæmdafjárhæðin skiptist þannig að 23 910 m. kr. renna til framhaldsframkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 3 308 m. kr. renna til endurbóta og lokafrágangs við Sigölduvirkjun, rannsóknna og vélakaupa, og 3 849 m. kr. eru til endurgreiðslu vaxta af framkvæmdalánnum.

Fjármögnun framkvæmda Landsvirkjunar er þrjúþætt: Í fyrsta lagi erlendrar lántökur alls 28 691 m. kr. Í öðru lagi 2 113 m. kr. úr rekstri, en þar af er 263 m. kr. aukið eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar, og að lokum 263 m. kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Sundurliðun á lánsfjármögnuðum framkvæmdum Orkubús Vestfjarða er að finna í töflu 9 í töfluviðauka.

Samtals eru ráðgerðar framkvæmdir fyrir 1 662 m. kr., þar af 1 162 m. kr. á sviði raforkuframkvæmda og 500 m. kr. vegna fjarvarmaveitna. Alls er áformað að afla 1 517 m. kr. lánsfjár en úr rekstri eru áætlaðar 145 m. kr. til framkvæmda.

Pörungavinnslan h. f. Vegna rekstrarörðugleika hjá Pörungavinnslunni að Reykhólum hafa safnast upp skuldir við lánastofnanir. Vegna þessa er nú áformað að heimila lántöku að fjárhæð 240 m. kr. til þess að létta á og standa í skilum við lánastofnanir.

Aðrar lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir. Framkvæmdir við hita- og fjarvarma-veitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða, eru alls fyrirhugaðar fyrir um 19 875 m. kr. Þar af nemur erlend lánsfjáröflun 6 400 m. kr. en auk þess er að því stefnt að lánasjóður sveitarfélaga láni um 2 000 m. kr. til þessara framkvæmda og Orkusjóður um 425 m. kr. Úr rekstri aflast því um 11 050 m. kr. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Stærstu lánsfjármögnuðu verkefni á árinu 1980 eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar, 2 500 m. kr., og Hitaveita Akraness og Borgarness, 3 200 m. kr.

Erlend lántaka Hitaveitu Suðurnesja nemur alls 1 100 m. kr. og verður því fé varið til að kaupa og reisa gufuhverfil í Svartsengi til raforkuöflunar. Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 500 m. kr., þar af rennur hluti til Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögu úttektarnefndar er fjallaði um fjárhagsvanda staðarins.

IV

Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir þeir sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun eru alls 18 að tölu, en þar af eru þó einungis 11 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar á lánsfjáráætlunum fyrri ára nema að nú bætist við nýr sjóður, Landflutningasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 62/1979.

Fjárfestingarlánasjóðunum er í áætlununum skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til og fáeinna annarra

atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar á lánsfjáráætlun. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 57,5 milljarðar króna og er það 29,5% aukning frá lánveitingum 1979 er námu 44,4 milljörðum. Er þetta töluvert minni aukning en svarar áætluðum verðbreytingum svo að raungildi lánveitinga mun minnka að sama skapi. Þetta aðhald er nauðsynlegt vegna hinna miklu opinberu framkvæmda á árinu, einkum orkuframkvæmda. Lánveitingar íbúðalánasjóða eru áætlaðar 23,4 milljarðar kr. eða 40,7% af heildinni samanborið við 32,9% 1978 og 37,2% 1979. Kemur þessi hlutfallsaukning húsnæðislána fram við það, að íbúðalánasjóðir hafa aukið lánveitingar sínar umfram hækkun verðlags, einkum á síðasta ári, samhliða því að lánveitingar atvinnuvegasjóða hafa aukist minna en nemur hækkun verðlags. Gert er ráð fyrir að svo verði enn á þessu ári, einnig þótt skipasmíðalán fyrir milligöngu bankakerfisins væru tekin með í samanburðinn. Lánveitingar atvinnuvegasjóðanna eru áætlaðar 34,1 milljarður kr. eða um 59,3% af heildinni og hafa lækkað hlutfallslega úr 67% 1978.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemin byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er leysist úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er á lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánnum fjárfestingarlánasjóða hefur verið all breytilegur undanfarin ár. Hann nam 48,2% árið 1978 en 59,7% árið 1979 og mun nema tæplega 62% árið 1980. Önnur fjármögnun sjóðanna er enn svo til eingöngu opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun og sjóðbreytingar skila til samans sáralitlu til nýrrar ráðstöfunar. Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförunum árum, að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegum lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförunu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum, að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjáris. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til þorra nýrra útlána. Eldri óverðtryggð lánskjör vega þó enn þungt og veldur hin afar öra verðbólga mikilli skerðingu þess fjár. Samræming útlánakjara er hins vegar ekki komin á það stig sem að skal stefnt en verður til frekari umfjöllunar á þessu ári.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1979 námu lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða 12,4 milljörðum króna. Á árinu 1980 er áætlað að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánasjóðum 15,5 milljarða króna. Þetta jafngildir 31% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sem er áætlað 50 milljarðar króna. Þá er jafnframt við það miðað að þeir verji nálægt 6 milljörðum króna af ráðstöfunarfé sínu til skuldabréfakaupa af ríkissjóði, og er það nýmæli. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af fjárfestingarlánasjóðunum 1980 skiptast þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 7,7 milljarða króna og Byggingarsjóður ríkisins 7,3 milljarða króna og til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ganga 464 m. kr. samkvæmt reglum.

Skyldusparnaðarfé, 8 500 m. kr., og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, 2 236 m. kr., ganga eins og undanfarin ár til Byggingarsjóðs ríkisins. Með þeirri útvegum lánsfjár sem hér hefur verið nefnd á Byggingarsjóður ríkisins að geta fullnægt útlánaþörf sinni. Eru lán sjóðsins þá áætluð 22,3 milljarðar króna en það er 45,3% hækkun frá árinu 1979.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs 4% af innlánsaukningu ársins 1980 eins og á liðnu ári. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 13 ár og allt fram til ársins 1978 var hér um að ræða 10% af innlánsaukningu bankanna. Á þennan veg taka bankarnir þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 18 050 m. kr. á árinu 1980, þar af 17 050 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er

sú fjárhæð miðuð við að lágmarks útlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 5 050 m. kr. en það er 1 100 m. kr. hærrí fjárhæð en erlend lán sjóðsins á lánsfjáráætlun 1979. Þá er og um að ræða erlent lán til Bygðasjóðs, 1 500 m. kr., og er það lán tekið með í áætlun um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Auk þessa, og alveg utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður annast útvegum 3 000 m. kr. láns til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkissjóðs og Bygðasjóðs.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára. Þó ber þess að geta að innlendar skipasmíðar hvers árs eru nú fjármagnaðar með beinum erlendum lánum meðan á smíði stendur en lánin verða síðan yfirtekin af Fiskveiðasjóði. Lánveiting til Fiskveiðasjóðs samkvæmt lánsfjáráætlun, 6 900 m. kr., skapar sjóðnum útlánagetu er nemur 10 300 m. kr. Af þeirri tölu eru þó um 3 200 m. kr. bundnar vegna áður gerðra skipakaupa, tækjakaupa og viðgerða. Er þá eftir um 7 100 m. kr. til nýrra lána. Ætlunin er, að af þeirri fjárhæð verði 4 600 m. kr. varið til lánveitinga til vinnslustöðva fiskiðnaðarins, enda afar brýnt að lokið sé hið fyrsta uppbyggingu hraðfrystihúsanna, og fé sé fyrir hendi til nauðsynlegustu aðgerða er leiði til bættrar framleiðni í vinnslugreininni. Til samanburðar skal þess getið að útlán Fiskveiðasjóðs til fiskvinnslu 1979 námu 2 007 m. kr., auk svonefndra hagræðingarlána af gengismunarfé er til féll á því ári, 1 419 m. kr., eða alls 3 426 m. kr. Útlánageta til þessara þarfa eykst því um 34,2% milli ára en 129% ef hin sérstöku hagræðingarlán eru ekki talin með.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað 6 425 m. kr. en útlán sjóðsins 1979 námu 3 250 m. kr. Er hér því um að ræða hækkun milli ára er nemur 97,7%.

Þegar með eru talin lán Bygðasjóðs og annarra lánasjóða til fiskiðnaðar og iðnaðar má ætla að útlán fjárfestingarlánakerfisins í heild á árinu 1980 muni nema 6 325 m. kr. til fiskiðnaðar, sem er 19,7% hækkun frá fyrra ári, en 63,6% hækkun ef nefnd hagræðingarlán eru ekki talin með. Heildarlánveitingar til iðnaðar árið 1980 verða væntanlega um 9 940 m. kr. sem er 72,4% hækkun frá árinu 1979.

Loks skal þess getið að fjárútleitu til Lánasjóðs sveitarfélaga miðast við að sjóðurinn láni 2 435 m. kr. til framkvæmda við margar af hinum smærri hitaveitum í landinu.

Útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1980, sem ríkisstjórnin hefur fjallað um, gerir ráð fyrir 5 050 m. kr. erlendum lántökum til endurlána til atvinnuvegasjóðanna (eins og fram kemur í töflu 10 hér á eftir). Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessa útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs með þeirri breytingu að hinni erlendu lántöku verði skotið á frest að hálfu leyti til fyrstu mánaða ársins 1981. Þessari frestun yrði síðan skipt niður á sjóðina eftir nánari ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins í samráði við ríkisstjórnina. Ástæðan fyrir þessari frestun er auðvitað sú þörf sem á því er að halda erlendum lántökum í heild í skefjum, ekki síst þegar lánakjör á alþjóðlegum lánamarkaði eru jafn þung og nú er, en einnig má á það benda að greiðslustaða fjárfestingalánakerfisins var betri í upphafi árs 1980 en verið hefur undanfarin ár.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit yfir útlán og fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna árin 1978—1980 þar sem jafnframt eru sýndar hlutfallslegar breytingar frá næsta ári á undan. Er það unnið eftir upphaflegri áætlun án tillits til ofangreindrar frestunar, og gildir hið sama um aðrar tölur í þessum kafla.

Fjárfestingarlánasjóðir: Útlán og fjármögnun 1978—1980

	Í m.kr.			Breyting frá fyrra ári, %		
	Greiðslu- yfirlit 1978	Greiðslu- yfirlit 1979	Lánsfjár- áætlun 1980	Greiðslu- yfirlit 1978	Greiðslu- yfirlit 1979	Lánsfjár- áætlun 1980
Útlán (reglubundin)						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	29 574	44 384	57 501	42,9	50,1	29,6
Íbúðalánasjóðir	9 744	16 496	23 410	48,6	69,3	41,9
Par af Byggingarsjóður ríkisins	9 100	15 317	22 254	46,3	68,3	45,3
Atvinnuvegasjóðir	19 830	27 888	34 091	40,3	40,6	22,2
Par af Framkvæmdasjóður	6 241	12 566	18 050	-1,8	101,3	43,6
Bygðasjóður	2 764	4 074	4 935	29,6	47,4	21,1
Fjármögnun						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	29 574	44 384	57 501	42,9	50,1	29,6
Eigin fjármögnun, nettó ¹⁾	1 904	756	561	.	.	.
Framlög og skatttekjur	12 956	17 136	21 390	50,8	32,3	24,8
Lántökur, brúttó	14 714	26 492	35 550	37,1	80,0	34,2
Lífeyrissjóðir	6 270	12 372	15 464	102,8	97,3	25,0
Bankakerfið	1 866	2 131	2 800	13,9	14,2	31,4
Skyldusparnaður, brúttó	4 123	5 896	8 500	70,3	43,0	44,2
Atvinnulueysistryggingasjóður	785	1 784	2 236	33,3	127,3	25,3
Önnur innlend lán	6	41	-	.	.	.
Erlend lán ²⁾	1 664	4 268	6 550	-44,2	156,5	53,5

¹⁾ Innstæðu- og sjóðsbreytingar og bráðabirgðalán, nettó, meðtalir.

²⁾ Erlend lán sjóða 1978 og 1979 hafa verið lækkuð um 1 569 og 1 481 m.kr. vegna þess að endurlán þeirra tilheyra ekki reglubundinni lánastarfsemi sjóðanna.

V

Framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga

Auk fjármögnunar ýmissa framkvæmda sem getið er í kafla III og í töflum 1—5 í töfluviðauka veitir ríkissjóður umtalsverðu fjármagni til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarlánasjóða sveitarfélaga og einstaklinga auk framlaga til íbúðarhúsabygginga. Samkvæmt 2. og 3. tölulíð 15. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. skal í fjárfestingar- og lánsfjáraætlun gera grein fyrir þessum atriðum.

Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting þessa fjár í þrjá meginflokkka:

Framlög ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til atvinnuvega, byggingar íbúðarhúsnæðis og annarra, sem ekki koma fram í yfirlitum 1—5 í töfluviðauka

	1979	1980	Hlutfallsbr. milli ára
I Atvinnuvegir	8 908	11 284	26,7
Landbúnaður	3 623	5 114	
Fiskveiðar og fiskiðnaður	2 942	3 030	
Annar iðnaður	615	1 565	
Annað	1 728	1 575	
II Íbúðarhúsnæði	6 986	7 585	8,6
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	4 078	4 976	22,0
Alls	19 972	23 845	19,4

Framlög sem renna til atvinnuvega, annað hvort sem bein framlög ríkissjóðs eða sem framlög til atvinnuvegasjóða, nema alls 11 284 m. kr. skv. fjárlögum 1980, en það er um 26,7% hækkun frá fyrra ári.

Bygðasjóður lána til margra atvinnugreina. Við skiptingu fjárveitingar til sjóðsins 1980 milli atvinnuvega og sveitarfélaga var sú regla notuð að miða við raunverulega skiptingu lánveitinga sjóðsins 1979 til fyrrgreindra aðila.

Í fjárlögum er sú stefna mörkuð að dregið er úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða. Ljóst er að eiginfjárstaða margra fjárfestingarlánasjóða hefur styrkst að undanfögnu vegna verðtryggingar útlána. Í samræmi við þessa þróun er markvisst dregið úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða.

Beinar fjárveitingar úr ríkissjóði, þ. e. skil markaðra tekjustofna til Byggingarsjóðs ríkisins, nema alls 7 100 m. kr. 1980. Auk þess kemur til fjárveiting til Byggingarsjóðs verkamanna, 433 m. kr., og framlag til smíði dýralæknisbústaða, 52 m. kr.

Um það bil þrjú fjórðu hlutar af framlögum til bygginga og mannvirkja hins opinbera, sem hér eru taldar, renna til greiðslu vaxta og afborgana af lánum. Til þessa flokks telst einnig framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga.

VI

Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess

Kjarni stefnunnar í fjárfestingar- og lánamálum kemur fram í opinberri öflun lánsfjár innanlands og utan og ráðstöfun þess til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða. Þetta er að sjálfsögðu aðeins hluti af heildarfjármögnun framkvæmda í landinu. Við bætast erlendar lántökur einkaaðila, sem hið opinbera heimilar og hefur hliðsjón af við áætlunargerðina, ennfremur opinber framlög og lögbundnir tekjustofnar fjárfestingarlánasjóðanna svo og eigið fé þeirra. Hin opinbera lánsfjáröflun nemur allt að tveimur þriðju lánveitinga til framkvæmda í heild og vegur því þungt á lánsfjármarkaðnum.

Um almenn markmið þessarar áætlunargerðar er fjallað í fyrstu köflum skýrslunnar. Þó er rétt að nefna að miklar og brýnar framkvæmdaþarfir, einkum í orkumálum og öðrum greinum opinberra þarfa, kalla á strangt aðhald að öðrum greinum framkvæmda. Hins vegar var naumur tími til áætlunarstarfsins og ýmsar ákvarðanir um framkvæmdir þegar teknar og því torvelt að koma skipulegu aðhaldi við á þeim skamma tíma sem ríkisstjórnin hefur setið. Að þessu gefnu, ásamt venjubundinni innlendri fjármögnun, stefndu erlendar lántökur úr hófi fram með tilliti til skulda- og greiðslubyrði út á við, aðstöðu á erlendum lánamörkuðum og hættu á peninga- og verðþenslu í landinu. Varð því að ráði að leggja allt kapp á sem mesta innlenda lánsfjármögnun, sem ásamt því að draga úr erlendum lántökum myndar mótvægi gegn þensluáhrifum hinna miklu framkvæmda.

Aðstaðan til aukinnar innlestrar fjármögnunar er langt frá því svo hagstæð sem vera þyrfti og vænta mátti af vaxandi verðtryggingu á almennum lánamarkaði. Veldur því hin mikla mögnun verðbólgunnar á liðnu ári, sem rýrt hefur stórum áformaða verðtryggingaráfanga, og ber framvinda peningamála þess glögg merki. Meginskilyrðið fyrir verulegu átaki í innlendri fjármögnun er því, að tryggð verði stigvaxandi verðtrygging fjármagns, svo að stofn lánsfjármagns rýrni ekki frekar en orðið er, og almennt traust sé vakið á því að hafa peningaeign undir höndum jafnt sem efnislegar eignir. Að sjálfsögðu er það einnig skilyrði, að hið nýja lánsfé sé tekið með fullverðtrygðum kjörum og áþekktum vöxtum og nú gerist á verðbréfum með samsvarandi tímabindingu, sbr. spariskírteini og lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða.

Æskilegt er að ná samkomulagi, eftir því sem unnt er, við hlutaðeigandi aðila við útvegum lánsfjár, fremur en beita lögskyldu, og taka þar með hæfilegt tillit til aðstöðu og möguleika þessara aðila með hliðsjón af öðrum þörfum sem þeir þjóna. Eigi að síður er stuðst við þær lagaheimildir sem þegar eru fyrir hendi.

Aukins innlends fjármagns mun einkum aflað eftir tveimur leiðum. Viðskiptabankarnir hafa um langt árabil ráðstafað hluta innlánaaukningar til Framkvæmdasjóðs, lengst af 10%, en síðustu tvö árin 5% og 4%. Er nú leitað samkomulags við viðskiptabanka og sparissjóði um að hlutfall þetta verði hækkað í 7%. Áætlað er að verðbréfakaup samkvæmt þessari reglu geti numið um 6 milljörðum króna. Þar af hefur Framkvæmdasjóður þegar reiknað með 2,8 milljörðum samkvæmt fyrri reglu. Auk 3,2 milljarða króna, sem þannig falla til opinberra framkvæmda, höfðu bankar þegar lofað 700 m. kr. láni til Bjargráðasjóðs, Seðlabanki til jafns á móti Landsbanka og Búnaðarbanka, en að því meðtöldu renna 3,9 milljarðar króna til opinberra framkvæmda.

Á hinn bóginn verður lögð áhersla á framhald þeirrar þróunar í virkjun sparnaðar lífeyrissjóðanna sem verið hefur stórstíg síðustu tvö árin frá því lífeyrissjóðum var gert skylt að verja árlega a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á viðurkenndum, fullverðtrygðum verðbréfum. Verður leitað eftir samningum um framkvæmd þessarar skyldu, með þeirri ráðstöfun fjárens, er fjármálaráðuneytið tilvísar samkvæmt lánsfjáráætlun, auk þess sem vænta má í ljósi fyrri reynslu að ýmsir sjóðir kaupi umfram skyldu. Á grundvelli þessa er áætlað að lífeyrissjóðirnir geti lánað allt að 21,5 milljörðum króna innan ramma lánsfjáráætlunar, af 50 milljarða áætluðu ráðstöfunarfé. Að þörfum fjárfestingarlánasjóða gefnum, kæmu þannig um 6 milljarðar króna í hlut opinberra framkvæmda, eða um 3,5 milljörðum meira en að óbreyttu ástandi.

Auk þessa er áformað að hvetja tryggingafélög sérstaklega til þess að verja tryggingasjóðum sínum í auknum mæli til kaupa á verðtrygðum, innlendum verðbréfum. Með hliðsjón af þessu er talið unnt að áætla 7 milljarða króna útgáfu spariskirteina og happdrættisbréfa, en á fjárlagaáætlun voru 6,4 milljarðar.

Aðrir þættir innlendra fjármögnunar eru venjubundnir og skýringa við þá ekki þörf. Erlend lán eru í senn afgangsstærð og meginniðurstaða áætlunarinnar. Með framangreindum ráðstöfunum hefur tekist að takmarka opinbera öflun erlends lánsfjár við 55,3 milljarða króna. Að meðtöldum áætluðum lántökum einkaaðila, 30,2 milljörðum króna, eru erlendar lántökur áætlaðar alls 85,5 milljarðar króna.

Hér fer á eftir yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess. Er svo til hagað, að yfirlitið sýni rétta heildarfjárhæð án tvítalningar, þrátt fyrir fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða um hendur hins opinbera og öfugt. Eru 1,5 milljarðar króna til Bygðasjóðs látnar koma sem fjáröflun hjá hinu opinbera, en ráðstöfun hjá fjárfestingarlánasjóðum. Á gagnstæðan veg er farið með 400 m. kr. lánsfé til hafisvegjar fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs.

Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun í m.kr.

	Bráðabirgða- tölur 1979	Lánsfjár- áætlun 1980
1. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1 Útgáfa spariskirteina og happdrættisbréfa	6 500	7 000
1.2 Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé umfram innlausn	555	6 738
1.3 Verðbréfakaup bankakerfis	–	3 900
1.4 Verðbréfakaup lífeyrissjóða	–	6 000
1.5 Annað lánsfé	1 004	–
Samtals	8 059	23 638

	Bráðabirgða- tölur 1979	Lánsfjár- áætlun 1980
2. Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða		
2.1. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	12 372	15 464
2.2. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins	1 784	2 236
2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs	2 131	2 800
2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	5 896	8 500
2.5. Annað lánsfé	41	–
Samtals	22 224	29 000
Innlend lánsfjáröflun, alls	30 283	52 638
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda	30 105	49 795 ¹⁾
3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða	5 749	5 525 ¹⁾
Samtals	35 854	55 320
Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár	66 137	107 958
1. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	5 710	12 058
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	16 790	21 827
1.3. Landsvirkjun	9 985	28 691
1.4. Orkubú Vestfjarða	–	1 517
1.5. Þörungavinnslan	–	240
1.6. Hitaveitur sveitarfélaga	4 372	6 400
1.7. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 307	1 600
Samtals	38 164	72 333
2. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	13 161	15 625 ¹⁾
2.2. Byggingarsjóður ríkisins	11 800	18 036
2.3. Aðrir sjóðir	3 012	1 964 ¹⁾²⁾
Samtals	27 973	35 625

¹⁾ Færslur fjármagns milli aðila eru hér ekki meðtaldar, en um víxl milli lánsfjáröflunar og ráðstöfunar á vegum aðila vísast til skýringa í texta.

²⁾ Bygðasjóður 1 500 m.kr. og stofnlánadeild landbúnaðarins 464 m.kr.

VII Bankakerfið

Helstu forsendur fyrir áætlun peningamála 1980, sem birtist hér í töfluviðauka, eru ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13, 10. apríl 1979, um verðtryggingu sparifjár og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar um verulega hjöðnun verðbólgunnar á árinu. Þá er einnig byggt á þjóðhagsspá sem m. a. sýnir 7 milljarða króna afgang á vöruskiptajöfnuði en 23 milljarða króna halla á þjónustujöfnuði við útlönd.

Fjárlög og meginefni lánsfjáráætlunar byggjast á þeirri forsendu að verðlagsbreytingar frá upphafi til loka þessa árs verði nálægt 30%. Þegar leið á aprílmánuð varð ljóst, að verðbreytingar á fyrri hluta ársins yrðu meiri en svo að unnt reyndist að ná þessu marki. Á síðari hluta ársins eru verðhækkunum á vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, sett ákveðin ársfjórðungsleg efri mörk, og lægri en reynsla er af að undanfögnu. Miðað við fyrirsjáanlega hækkun framfærslukostnaðar til 1. maí og leyfðar verðhækkningar framundan verður verðlags-hækkun frá upphafi til loka ársins naumast undir 40%. Í þessu myndi þó felast veruleg

hjöðnun verðbólgunnar því að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 61% á árinu 1979. Veruleg óvissa er hins vegar um þessi mál þannig að þróun peningamála gæti orðið óhagstæðari en sýnt er hér í skýrslunni.

Að framangreindum forsendum gefnum myndu nafnvextir vaxtaaukainnlána og útlána að líkindum haldast lítt breyttir á árinu, en gera verður ráð fyrir endurskoðun vaxta á öðrum tegundum innlána og útlána þannig að vaxtakerfið myndi skipulegri heild. Með lækkandi verðbólgu væri þannig stefnt að verðtryggingarmarki efnahagslaganna. Slík þróun myndi stuðla að auknum peningalegum sparnaði einkaaðila og auka möguleika á þátttöku innlánsstofnana í fjármögnun opinberra framkvæmda sem annars krefjast erlends lánsfjár. Áformað er að semja við innlánsstofnanir um verðbréfakaup í þessu skyni, eins og lýst er í köflunum um lánsfjármarkaðinn og opinbera öflun lánsfjár. Afstaða sparifjareigenda til ávöxtunarkjara innlána ræður miklu um getu banka og sparisjóða til að veita langtíma lán, en hér er gert ráð fyrir að þessi auknu verðbréfakaup beini 6 milljörðum króna af útlánunum þeirra í þennan farveg á árinu.

Auk samninga um verðbréfakaup er ætlunin að draga úr mögulegu peningaúttreymi bankakerfisins með verulegri endurgreiðslu lána ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Á fjárlögum er gert ráð fyrir að A-hluti ríkissjóðs endurgreiði Seðlabanka 8,1 milljarða króna auk þess sem hér er reiknað með að stofnanir í B-hluta endurgreiði um 400 m. kr. af skuldum sínum. Hins vegar er hér ekki gert ráð fyrir að greiðsluafgangur fjárlaga umfram greindar afborganir til Seðlabankans, 1,5 milljarðar króna, leiði til frekari bata á stöðu ríkissjóðs við bankann.

Í árslok 1979 voru endurkeypt afurðalán 5,4 milljörðum króna hærrí en bundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum og er þó ekki talin með endurkaupum sérstök fyrirgreiðsla við olíufélög, 2,2 milljarðar króna. Á því ári minnkaði bilið um 1,4 milljarð króna, en sem kunnugt er hefur að undanförunni verið að því stefnt að snúa þessu við með því að efla sparifjármyndun, hækka bindiskylduhlutfall og auka hlutdeild innlánsstofnana í afurðalánunum. Bindiskyldan er nú í lögleyfðu hámarki og snemma árs 1980 voru endurkaupahlutföll Seðlabankans lækkuð um 1,5 prósentustig. Er nú áætlað að bilið minnki enn á þessu ári, þ. e. að endurkaup aukist um 15 milljarða króna (26%) og bundnar innstæður um 19 milljarða króna (36%). Frekari ráðstafanir þurfa þó til að koma ef endurheimta á svigrúm til þess að beita bindiskyldunni til þess að hafa áhrif á útlán bankanna.

Stefnt er að því að aukning almennra útlána innlánsstofnana fari ekki fram úr 37% á árinu. Standist jafnframt áðurgreindar áætlanir um greiðsluafkomu ríkissjóðs og endurkaup afurðalána munu heildarútlán bankakerfisins aukast um 29% á árinu. Er þetta raunar sú hámarksútlánaaukning sem samrýmist settum markmiðum við gefnar forsendur. Breyttar forsendur, t. d. um innlánaaukningu, breyta að sjálfsögðu útlánagetu innlánsstofnana og þá fyrst og fremst möguleikum þeirra til fjármögnunar opinberra framkvæmda.

Áætlað er að innlán á vaxtaaukareikningum og öðrum uppsagnarreikningum aukist um 49%, eða 10 prósentustigum meira en verðlag. Í samræmi við reynslu síðustu ára má hins vegar búast við mun hægari aukningu annarra innlána og er gert ráð fyrir 40% aukningu peningamagns í víðri merkingu, þ. e. samtölu heildarinnlána, seðla og myntar í umferð. Þegar frá eru taldar innstæður á uppsagnarreikningum er áætlað að peningamagnið aukist um 35%.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að í peningamálum skuli mörkuð stefna er stuðli að hjöðnun verðbólgu. Eins og hér hefur verið lýst verður í þessu skyni beitt stjórnáttækjum sem í senn efla sparifjármyndun og koma í veg fyrir óhóflegt peningaúttreymi úr bankakerfinu.

VIII

Erlend lán

Við gerð lánsfjáráætlana hefur jafnan verið stefnt að því að halda erlendum lántökum í skefjum eftir því sem unnt hefur verið á hverjum tíma. Þótt lántökur hafi síðustu árin farið meira eða minna fram úr áætlunum mun óhætt að telja að nokkur árangur hafi samt orðið af þeirri aðhaldssemi sem sýnd hefur verið við gerð lánsfjáráætlana. Á árinu 1978 fóru erlendar lántökur 13,1 milljarði króna fram úr áætlun. Samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að á árinu 1979 hafi erlendar lántökur til langs tíma numið 57,0 milljörðum króna, en frá þeirri fjárhæð má draga 2,1 milljarð króna sem er lántaka upp í flugvélakaup tilheyrandi árinu 1980 og 1,1 milljarð vegna breytinga á eldri skammtíma rekstrarlánnum í lán til langs tíma. Lántökur sambærilegar við spá lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979 eru því 53,8 milljarðar króna, en það er um 14,8 milljörðum króna hærra en spáð var.

Þessa miklu hækkun má rekja til meiri fjármagnsparfar vegna hækkunaráhrifa gengis- og verðlagsbreytinga, aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og meiri skipainnflutnings en áætlað var. Afborganir af löngum lánnum eru áætlaðar 28,3 milljarðar króna og verður þá raunveruleg nettóaukning langra lána 25,5 milljarðar króna á árinu 1979. Svarar það til um 6,6% af útflutningstekjum en 3,0% af þjóðarframleiðslu. Er þetta heldur hærra hlutfall en áætlað var, en svipað og reyndin varð á árinu 1978 þegar nettóaukning langra erlendra lána varð 6,3% af útflutningstekjum en 2,7% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir árið 1977 eru 13,3% og 5,1% og fyrir árið 1976 10,1% og 4,0%. Í hlutfalli við útflutningstekjur og þjóðarframleiðslu hefur því heldur hægt á skuldaaukningu tvö sl. ár miðað við næstu tvö árin þar á undan.

Á árinu 1979 varð viðskiptajöfnuður óhagstæður um 7,2 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Er það um 17,7 milljörðum króna óhagstæðari jöfnuður en 1978 reiknað á meðalgengi 1979. Meginhlutann eða 15,4 milljarða króna af þessum mismun má rekja til óhagstæðrar þróunar þjónustujafnaðar, einkum að því er varðar samgöngur, ásamt verulegri aukningu vaxtagjalda og ferða- og dvalarkostnaðar. Nettóaukning langra erlendra lána er samkvæmt greiðslujafnaðaryfirliti talin 28,7 milljarðar króna á árinu 1979 en fjármagnsústreymi á öðrum fjármagnsliðum er áætlað 4,6 milljarðar króna. Verður þá fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 24,1 milljarð króna, sem gengur til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 17,1 milljarð króna reiknað á meðalviðskiptagengi ársins.

Löng erlend lán námu 335 milljörðum króna í árslok 1979 en fært til meðalgengis er það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins, en þetta hlutfall var árin þrjú næst á undan 32—34%. Að meðtöldum lántökum ársins 1980 er áætlað að hlutfallið haldist óbreytt.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánnum hefur sl. þrjú ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1976: 13,8%, 1977: 13,7%, 1978: 13,3%. Á árinu 1979 er áætlað að hlutfallið hafi verið um 14,2% en á árinu 1980 er hlutfallið áætlað 16—17%. Stafar aukning greiðslubyrðarinnar bæði af vaxandi skuldsetningu og versnandi vaxtakjörum.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir fyrir erlendan gjaldeyri út frá greiðslujafnaðar horfum og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði. Frá greiðslujafnaðarsjónarmiði miðast þörfin fyrir erlendar lántökur á árinu 1980 við endurgreiðslu af eldri lánnum, að viðbættum halla á viðskiptajöfnuði, sem samkvæmt þjóðhagsspá verður um 16 milljarðar króna, og því sem telja má æskilegan bata á gjaldeyrisstöðu.

Endurgreiðslur af löngum lánnum eru áætlaðar rúmlega 46,3 milljarðar króna á árinu 1980 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyris-skuldum við Alþjóðagjaldeyris-

sjóðinn að jafnvirði um 10 milljarða króna¹⁾. Á móti endurgreiðslu gjaldeyrisskulda þarf að taka samsvarandi lán, ef halda á gjaldeyrisforðanum óbreyttum, sem telja verður eðlilegt markmið. Útfrá framangreindum greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökupörf áætluð 72,3 milljarðar króna á árinu 1980 (þ. e. samtala viðskiptahalla og endurgreiðslu eldri lána og gjaldeyrisskuldur).

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 85,5 milljarðar króna, en það er áætluð fjárförf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1980 umfram það fé sem aflað verður innanlands. Auk lántöku til að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til að breyta stuttum lánnum í lengri lán án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda. Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánnum áætlaðar 46,3 milljarðar króna og hrein aukning skulda því 39,2 milljarðar. Það er 7% af áætluðum útflutningstekjum og 3,2% af áætlaðri þjóðarframléiðslu og er ívið hærra en samsvarandi hlutfall 1979 sem var 6,6% og 3,0%. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 30,4 milljarða króna. Gengur hann til þess að jafna hallann á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 14—15 milljarða króna.

Erlendar langtímalántökur opinberra aðila eru áætlaðar 49,8 milljarðar króna, þar af vegna A- og B-hluta fjárlaga 11,3 milljarðar, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 30,4 milljarðar og er Landsvirkjun þar hæst með 28,7 milljarða. Þar fyrir utan er gert ráð fyrir að Landsvirkjun muni breyta um það bil 1,8 milljarða króna skammtímalánum í lán til langs tíma. Loks eru lántökur á vegum bæjar- og sveitarfélaga áætlaðar 8,0 milljarðar króna.

Hér fer á eftir yfirlit um fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur á árinu 1980 sundurliðað á helstu liði í milljónum króna:

A- og B-hluti fjárlaga		11 347
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs		
Landsvirkjun	28 691	
Orkubú Vestfjarða	1 517	
Þörungavinnsla	240	
		30 448
Bæjar- og sveitarfélög		
Hítaveitur	6 400	
Hítaveita Suðurnesja		
vegna raforkuframkvæmda	1 100	
Ófyrirséð	500	
		8 000
Lánastofnanir		
Framkvæmdasjóður	8 050	
– frestun til ársins 1981	2 525	
		5 525
Atvinnufyrirtæki		
Járnblendiverksmiðja	8 000	
Skip		
Fiskiskip	4 230	
Endurbætur fiskiskipa	1 000	
Önnur skip	1 420	
		6 650
Flugvélar	7 680	
Innlend skipasmíði	3 000	
Innlend skipasmíði, hafnargerð	650	
Ný iðnaðarverkefni	250	
Útflutningslána sjóður	1 000	
Vélar og tæki	2 000	
Ýmislegt ófyrirséð	1 000	
		30 230
		<u>85 550</u>
Alls		

¹⁾ Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er innifalin í gjaldeyrisskuldum bankanna og hefur endurgreiðsla hennar því ekki áhrif á nettó gjaldeyrisstöðuna en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldeyrisseignina brúttó.

IX

Lánsfjármarkaðurinn

Í þremur töflum (töflum 19 til 21) í töfluviðauka er sýnt yfirlit um lánsfjármarkaðinn í heild. Töflur þessar sýna lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra árið 1979 og samkvæmt lánsfjáráætlun 1980, svo og samanburð helstu stærða fyrir árin 1977 til 1980. Tilgangur þessara heildaryfirlita um lánsfjármarkaðinn er að sjálfsögðu sá að gefa færi á heildstæðara mati á áhrifum lánastarfseminnar á þjóðarþúið en fæst af mati einstakra þátta hennar, þ. e. bankakerfis, fjárfestingarlána o. s. frv., svo og að færa alla þættina til samræmdrar skilgreiningar og matsgrundvallar. Slíkt samræmi er ekki fyrir hendi í meðferð mismunandi þátta, þar sem fjallað er um fjárfestingarlánin á grundvelli nýrra brúttólánveitinga, en um bankakerfið á grundvelli útlánaaukningar, þ. e. nettóaukningar mismunandi inn- og útlánastofna. Mat á fjárfestingarlánunum byggist þannig á samanburði nýrra útlána mismunandi ára, með hliðsjón af samsvarandi breytingum fjármunamyndunar, en mat bankakerfisstærða á breytingu stofnstærða frá upphafi til loka árs í samanburði við þróun verðlags, tekna og fleiri atriða, en breyting stöðutalna bankakerfisins er samsett af mótsvarandi straumum út og inn, t. d. nýjum lánnum móti endurgreiðslum fyrri lána.

Lausn þessa samanburðarvanda felst í því að færa allar lánahreyfingar á nettógrundvöll til samræmis við meðferð bankakerfisins. Er svo gert í töflunum og miðað við síðasta stig lánsviðskipta, þ. e. gagnvart endanlegum lánþegum, þó þannig að lánastofnanir eru jafnframt sýndar sem viðtakendur lánsfjár, en því fé er að sjálfsögðu aftur ráðstafað frá þeim til hinna endanlegu lánþega. Sú mynd sem hér kemur fram á þannig að vera af nettóstreymi lánsfjár, að frádregnum afborgunum fyrri lána. Með því er tekið tillit til mótvægis endurgreiðslanna við þensluáhrifum nýrra lánveitinga. Að sjálfsögðu hefur hvor myndin, brúttó- og nettóhreyfinga, nokkuð til síns ágætis. Brúttólánveitingar hafa beinni áhrif á fjárfestingarstarfsemina og verkefni hennar að tiltölu við afkastagetu, en afborganir fyrri lána eru tengdari atvinnurekstrinum sem slíku og koma sem almennt mótvægi á fjármagnsmarkaði.

Þar sem lánastofn hefur byggt ört upp á undanfórnum árum, ásamt vaxandi verðtryggingu, má vænta verulega minni aukningar nettólánastreymis frá fyrra ári en fram kemur í nýjum lánveitingum, sbr. undanfarandi kafla. Sú er og niðurstaðan af samanburði áætlunar við tölur síðasta árs. Aukning nettólánastreymis í heild er áætluð um 15%, eða úr 153,6 milljörðum króna 1979 í 177 milljarða í ár. Mest kemur þessi takmörkun fram við atvinnuvegina, en samkvæmt áætluninni eykst nettólánastreymi til þeirra aðeins um 2%, og ríkissjóð, en áætlað er að nettólánanotkun hans dragist saman um 2,8 milljarða króna eða 27%, svo og fyrirtæki sveitarfélaga. Samkvæmt áætluninni verður hins vegar mjög mikil aukning á nettólánanotkun íbúðaeigenda, um 42%, og talsverð á vegum opinberra aðila í heild, eða um 23%.

Við þessa framsetningu verður þó enn að gera þann fyrirvara að nokkuð skortir á að tölur fyrir bankakerfið og sjóðakerfið séu sambærilegar. Þetta kemur glöggft fram þegar lánaframbod eftir lánveitendum er athugað. Innlánsstofnanir sýna aðeins 2% aukningu nettólánaframboðs og bankakerfið að Seðlabanka meðtöldum sýnir 8% samdrátt. Þetta stafar af því að verðbólga varð svo miklu meiri fyrra árið en nú er áætlað, en öll uppfærsla lánastofns bankakerfis, hvort sem er með verðbótapætti eða gengi, auk skiptingar nýrri og hærri inn- og útlána fyrir eldri, reiknast með á þennan mælikvarða. Samsvarandi endurmat lána fjárfestingarlánasjóða við verðtryggingu eða erlendra lána við gengisbreytingu hefur hins vegar enn ekki verið tekið með. Meiri verðbólga fyrra árið verður þannig ekki til þess að draga niður í aukningunni, heldur aukast nettólánin fremur í hátt við mismunandi verðstig hvors árs. Lán frá lífeyrissjóðunum aukast langmest, rúmlega tvöfaldast til beinna lánþega, en aukast um 70% að meðtöldum lánunum til lánastofnana. Löng erlend lán nettó munu aukast um 65% til beinna lánþega en um 37% að lánastofnunum meðtöldum. Nettóniðurstaða stuttra lána-hreyfinga dregur þó verulega úr á heildina litið. Fjárfestingarlánasjóðir auka nettólánafram-

boð sitt um 13% til samanburðar við áætlaða 23% aukningu nýrra lánveitinga, þ. e. að teknu tilliti til frestunar lánagreiðslna að fjárhæð 2 525 m.kr. til næsta árs.

X.

Fjárfesting

Niðurstaða fjárfestingaráætlunar fyrir árið 1980 er sú, að heildarútgjöld til fjárfestingar aukist um 4,7% að raungildi frá fyrra ári. Samkvæmt þjóðhagsreikningauppgjöri er aukningin meiri, eða 6,8%, en það stafar af því að tryggingabætur fyrir þotu Flugleiða, sem fórst haustið 1978, voru greiddar á árinu 1979 og færðar til tekna á þjónustureikningi utanríkisviðskipta en dregnar frá fjármunamyndunartölum ársins. Fjármunamyndunarspáin er miðuð við þær verðlagsforsendur sem grein er gerð fyrir í II. kafla þessarar skýrslu, en þær fela meðal annars í sér að byggingarkostnaður hækki að meðaltali um 45% milli árunna 1979 og 1980. Á þessum forsendum eru fjárfestingarútgjöldin í heild talin verða 327 milljarðar króna eða um 26½% af þjóðarframleiðslu. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1979, sem eru að nokkru áætlaðar, námu heildarútgjöld til fjármunamyndunar á því ári rökum 217 milljörðum króna eða tæplega 26% af þjóðarframleiðslu.

Í fjárfestingaráætluninni fyrir árið 1980 felst að heildarumsvif við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð aukist um 4—5% frá árinu 1979 en á því ári er talið að dregið hafi úr starfsemi í þessari grein sem nemur 2—3%.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir að fjárfestingin í heild drægist saman um tæplega 7% frá fyrra ári. Samkvæmt bráðabirgðatölum og miðuð við fast verðlag ársins 1969, sem nú er grunnár þjóðhagsreikninga, kemur fram um 1% aukning í fjárfestingarútgjöldum á árinu 1979. Á hinn bóginn er nokkur munur á þjóðhagsreikningauppgjöri ársins 1979 á föstu verði eftir því hvort miðuð er við grunnárið 1969 eða árið 1978. Ef fjárfestingarútgjöld ársins 1979 eru reiknuð á föstu verði ársins 1978, eins og gert var í spám í lánsfjáráætlun 1979, verður niðurstaðan 1% samdráttur fjármunamyndunarútgjalda á því ári.

Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að fjármunamyndunin á árinu 1979 varð meiri en áætlað var, en aukningin umfram spár felst bæði í framkvæmdum í atvinnuvegunum og opinberum framkvæmdum. Skýringin er meðal annars sú að framkvæmdir sem talið var að lyki á árinu 1978 drögust fram á árið 1979, auk þess sem nokkrir liðir hafa verið vanáætlaðir. Loks má nefna að í kjölfar olíuverðshækkana á árinu 1979 var ákveðið að auka orkuframkvæmdir frá því sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

Yfirlit yfir fjármunamyndun 1979—1980

	Verðlag hvers árs í milljörðum króna			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Lánsfjár- áætlun 1979	Bráðab. tölur 1979	Lánsfjár- áætlun 1980	Lánsfjár- áætlun 1979	Bráðab. tölur 1979	Lánsfjár- áætlun 1980
1. Atvinnuvegir	79,3	96,1 ¹⁾	131,8	-11,3	2,4	-3,6 ¹⁾
2. Íbúðarhús	43,6	49,0	68,9	0	-2,0	-3,1
3. Opinberar framkvæmdir	59,3	72,0	126,6	-5,0	0,6	21,3
4. Samtals útgjöld	182,2	217,1	327,3	-6,8	1,0	4,7
5. Samtals skv. uppgjöri þjóðhagsreikninga	182,2	212,9	327,3		-1,6	6,8
6. Útgjöld sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	24,9%	25,8%	26,6%			

¹⁾ Ef tryggingarbætur fyrir Flugleiðapotuna, sem fórst haustið 1978, eru dregnar frá 1979 tölunum, sbr. hér að framan, snýst breytingin 1980 í 0,8% aukningu, sjá töflu 24 hér á eftir.

Um spána fyrir árið 1980 má í stórum dráttum segja, að í heild er reiknað með lítt breyttri fjárfestingu atvinnuveganna en þar er þó um aukningu að ræða í ýmsum liðum og aðrir haldast óbreyttir, eins og vikið verður að hér á eftir. Gert er ráð fyrir nokkurri minnkun íbúðabygginga en mikilli aukningu opinberra framkvæmda. Þessi mikla aukning stafar mest af aukinni áherslu á orkuframkvæmdir og einkum vega framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun hér þungt, m. a. af því að þeim virkjunarframkvæmdum var frestað nokkuð á sl. ári. Áætlað er að alls verði um 31 milljarði króna varið til framkvæmdanna við Hrauneyjafossvirkjun á þessu ári, en framkvæmdaáform miðast við að unnt verði að taka fyrsta áfanga virkjunarinnar í notkun haustið 1981. Áætlað er að alls verði flutt inn skip og flugvélar fyrir 20 milljarða króna á árinu 1980 og eru þau útgjöld um 13% meiri að raungildi en á árinu 1979.

Fjárfestingarútgjöld atvinnuveganna á árinu 1980 eru í heild talin verða 3½% minni en á árinu 1979. Af einstökum greinum má nefna að gert er ráð fyrir 10% samdrætti í fjármunamyndun í landbúnaði. Í fiskiskipakaupum er reiknað með 18% samdrætti. Innlend skipasmíði og endurbætur voru með mesta móti á sl. ári og líklegt er að nýting afkastagetu skipasmíðastöðva, sem annast nýsmíði, hafi verið óvenju góð. Innlend nýsmíði og endurbætur eru samtals metnar til yfir 10 milljarða króna 1979, og á þessu ári eru horfur á að nýsmíði verði litlu minni eða sem samsvarar 1400 smálesta smíði ef umreiknað er í smálestir í skuttogurum, samborið við 1500 smálestir á liðnu ári. Ákveðið hefur verið að fjármagna innlenda skipasmíði beint með erlendum lánum, sem komi í stað smíðalána Fiskveiðasjóðs, en þessi lánstílhögun er ekki fullfrágengin og getur hún ráðið nokkru um framkvæmdahraða. Endurbætur eldri skipa verða sennilega talsvert minni en á sl. ári, enda minni verkefni fyrirbyggjandi. Í spánni er reiknað með innflutningi þriggja togara, sem ákvarðanir hafa verið teknar um, en ekki reiknað með frekari kaupum fiskiskipa frá útlöndum á árinu.

Fjárfesting í fiskvinnslu jókst um fimmtungu á árinu 1979 og varð því með allra mesta móti. Enda þótt útlán fjárfestingarlánasjóða til vinnslustöðva aukist talsvert á þessu ári má gera ráð fyrir að erfið staða frystihúsanna í ársbyrjun haldi nokkuð aftur af framkvæmdum og er reiknað með að framkvæmdir á árinu 1980 verði svipaðar og á sl. ári. Framkvæmdir við álverksmiðju eru áætlaðar verða röskum fimmtungi meiri í ár en í fyrra, en stækkun verksmiðjunnar lýkur fyrir mitt þetta ár, en jafnframt er unnið að uppsetningu hreinsitækja. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna verða minni í ár en á sl. ári en byggingu verksmiðjunnar verður að mestu lokið á árinu. Fjárfesting í öðrum iðnaði jókst um 3% á árinu 1979 og stafaði sú aukning af fjárfestingu í vinnslustöðvum landbúnaðarins. Úr þeim framkvæmdum mun draga á þessu ári en á hinn bóginn benda útlánaáætlanir lánasjóða iðnaðarins til nokkurrar aukningar að raungildi og því þykir líklegast að iðnaðarfjárfestingin í heild aukist um 3—4% frá fyrra ári. Innflutningur flutningatækja jókst um 30% í fyrra og á þessu ári er spáð 6% aukningu, einkum vegna flugvélaкупа.

Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús eru taldar hafa dregist saman um 18% á sl. ári og því orðið með minnsta móti. Endanlegar tölur fyrir árið 1979 eru ekki fyrir hendi og vitneskja um framkvæmdaáform 1980 af skornum skammti en hér er spáð 5% samdrætti frá fyrra ári. Fjárfesting í vinnuvélum er talin aukast um 5% á þessu ári eftir 5% samdrátt í fyrra.

Bráðabirgðatölur og áætlanir fyrir árið 1979 benda til þess að umsvif við íbúðabyggingar hafi verið svipuð eða heldur minni en árið áður, e. t. v. um 2% minni. Íbúðabyggingar voru meiri í Reykjavík í fyrra en árið áður (ef litið er á framkvæmdir í heild), gagnstætt því sem reiknað var með. Að vísu voru færri íbúðir í smíðum en þær voru í mun meira mæli en áður í raðhúsum og einbýlishúsum þannig að framkvæmdamagnið mælt í rúmmetrum jókst. Þessarar þróunar hefur gætt á höfuðborgarsvæðinu sl. 3—4 ár. Íbúðabyggingar hafa í raun verið svipaðar að magni allt frá árinu 1974.

Tölur um verkefni við smíði íbúðarhúsa um sl. áramót eru enn af skornum skammti.

Samkvæmt áætlunum fyrir árið 1979 fækkaði lúkningum töluvert og byrjunum sömuleiðis. Íbúðir í smíðum um sl. áramót voru hins vegar sennilega litlu færri en árið áður en vegna þess að íbúðum í smíðum í fjölbýlishúsum hefur fækkað að mun að undanförunu en einbýlis- og raðhúsum fjölgað sýnast fyrirbyggjandi verkefni, mælt í rúmmetrum húsa í smíðum, meiri nú en fyrir ári. Íbúðir í smíðum virðast á hinn bóginn heldur lengra á veg komnar en þær sem í smíðum voru í ársbyrjun 1979. Að öllu samanlögðu má nú sennilega álykta að verkefni í ársbyrjun hafi verið svipuð í ár og í fyrra. Hins vegar má ætla að enn dragi úr byrjunum á þessu ári og af þeim sökum megi fremur búast við samdrætti en aukningu í íbúðabyggingum. Áætlanir um útlán til íbúðabygginga á liðnu og liðandi ári eru afar óráðnar, en þegar litið er á lánakerfi íbúðabygginga í heild má ætla að ekki verði um samdráttaráhrif að ræða úr þeirri átt, þótt naumast sé tilefni til að halda að þróun útlána ýti sérstaklega undir íbúðabyggingar á þessu ári. Því er nú talið líklegast — einkum vegna samdráttar í byrjunum eins og áður er getið — að íbúðabyggingar dragist saman frá fyrra ári og er hér reiknað með 3% samdrætti.

Framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera á árinu 1979 voru svipaðar og árið áður en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins var gert ráð fyrir 5% samdrætti. Talsverð aukning var í raforkuframkvæmdum, hitaveituframkvæmdir voru svipaðar og árið áður en aðrar opinberar framkvæmdir voru minni.

Í fjárfestingaráætlun ársins 1980 er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist um 21% frá sl. ári en alls er áætlað að 126,6 milljörðum króna verði varið til opinberra framkvæmda á árinu. Þessi fjárhæð er tæplega 39% af heildarútgjöldum til fjármunamyndunar samkvæmt fjárfestingaráætlun samanborið við 33% á árinu 1979.

Í sambandi við aukningu opinberra framkvæmda 1980 er rétt að benda á að hún stafar að lang mestu leyti af framkvæmdum á sviði orkumála sem beinlínis eru forsenda aukinnar framleiðslu og athafna á vegum einstaklinga og samtaka þeirra. Ýmsar aðstæður hafa orðið þess valdandi, að hér á landi eru þessar framkvæmdir á vegum opinberra fyrirtækja en í raun og veru má líta á þær margar hverjar sem hina arðvænlegustu atvinnuvegafjárfestingu.

Raforkuframkvæmdir eru taldar aukast um 46% og er gert ráð fyrir að til þeirra verði varið 50 milljörðum króna á árinu. Framkvæmdir við hitaveitur hafa verið mjög miklar undangengin ár og á árinu 1980 er áætlað að þær aukist enn um 17%. Framkvæmdir við samgöngumannvirki hafa dregist saman nokkur undanfarin ár, en á þessu ári er gert ráð fyrir að þær verði auknar í heild um 5%. Vegaframkvæmdir aukast þó mun meira eða um þriðjung, framkvæmdir við flugvelli aukast um fimmtung en á hinn bóginn verður samdráttur í fjárfestingarútgjöldum pósts og síma enda er byggingu jarðstöðvar að mestu lokið. Framkvæmdir við opinberar byggingar hafa dregist nokkuð saman sl. tvö ár en á árinu 1980 er gert ráð fyrir að þær aukist um 7—8%.

Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga aukist heldur á árinu 1980 og til þeirra verði varið um 17 milljörðum króna. Þá er reiknað með að framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna einna aukist um 15% og þessi framkvæmdaútgjöld nemi röskum 40 milljörðum króna. Loks er reiknað með að hreinar ríkisframkvæmdir aukist um 32% en til þeirra er áformað að verja 68 milljörðum króna. Sundurliðaðar áætlanir um þessa liði er að finna í töflum 22 og 23 í töfluviðauka.

Fjárfestingaráætluninni, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, má í reynd skipta í þrennt eftir áætlunaraðferð:

1. Fyrst má telja beinar framkvæmdafyrirætlanir og samningsbundnar framkvæmdir. Hér er meðal annars um að ræða innlenda skipasmíði og samningsbundin kaup fiskiskipa, flugvéla og vöruflutningaskipa frá útlöndum, en í þessum liðum má heita að eingöngu sé miðað við ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar. Framkvæmdir við álverksmiðju og járnblendiverksmiðju eru samkvæmt áætlunum fyrirtækjanna sjálfra og miðað við að þeim ljúki að mestu á árinu. Opinberar framkvæmdir eru hér einnig meðtaldar en þær eru yfirleitt

- byggðar á ákveðnum framkvæmdaáætlunum nema hvað framkvæmdir sveitarfélaga eru að nokkru áætlaðar.
2. Þá má telja þann hluta fjármunamyndunarinnar sem er að mestu áætlaður á grundvelli útlánaáætlana fjárfestingarlánasjóða og svipuðum vísbendingum. Hér er um að ræða fjárfestingu í landbúnaði, fiskvinnslu, iðnaði og í íbúðabyggingum.
